



Framkvæmda- fréttir

2. tbl. /09



Vestfjarðavegur (60) í Vatnsfirði. Vegagerð á þessum kafla er boðin út í þessu blaði.

Frá Rannsóknasjóði Vegagerðarinnar

Árlega veitir Vegagerðin styrk til rannsóknaverkefna. Styrkirnir eru fjármagnaðir af svonefndu tilraunafé, sem er nú 1,5% af mörkuðum tekjum stofnunarinnar. Velflestum verkefnum lýkur með því að skrifaðar eru skýrslur og eru þær settar á heimasíðu Vegagerðarinnar öllum opnar til skoðunar. Hér á eftir er gerð örstutt grein fyrir efni nokkurra af þeim skýrslum sem komið hafa út, en nánari upplýsingar má finna á heimasíðu Vegagerðarinnar (www.vegagerdin.is), undir „Upplýsingar og útgáfa / Rannsóknaskýrslur“.

Áhrif 37. greinar náttúruverndarlaga á framkvæmdir

Umrædd grein er í V. kafla laga um náttúruvernd, sem ber heitið landslagsvernd, og fjallar hún um „sérstaka vernd“ tiltekinna jarðmyndana og vistkerfa. Tilgangur verkefnisins var að skýra frá vægi greinarinnar í matsverkefnum

og áhrifum hennar á ákvarðanir um framkvæmdir og svara hverju lagaákvæði um landslagsvernd hafa skilað. Niðurstaða verkefnisins er í meginráttum sú að greinin hefur lítil áhrif. Ástæður eru taldar geta legið í orðalagi greinarinnar og skort á skilgreiningum og leiðbeiningum. Einnig er talið að ástæðan gæti verið að lítil áhersla er lögð á landslagsvernd hér á landi í samanburði við önnur ríki sem undirritað hafa evrópska landslagssáttmálann. Lagt er til að 37. greinin verði endurskoðuð á grundvelli niðurstöðu rannsóknarinnar.

Mannaflapörf og tækjanotkun í vegagerð

Rannsóknin fólst í því að meta hversu mikill mannafla er notaður í vegagerð á Íslandi og jafnframt hversu mikið af tækjum er notað í vegagerð. Farið var yfir nokkur veg-

framhald á bls. 2

Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar

Ritstjórn
og umsjón útgáfu:
**Viktor Arnar
Ingólfsson**
Ábyrgðarmaður:
Gunnar Gunnarsson
Prentun: Oddi

Ösk um áskrift sendist til:
**Vegagerðin
Framkvæmdafréttir
Borgartúni 7
105 Reykjavík**
eða með tölvupósti til:
vai@vegagerdin.is

2. tbl. 17. árg. nr. 515 2. feb. 2009

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útbóðs-framkvæmdir fyrir verktökum. Fyrirhuguð útbóð eru kynnt, útbóðsauglýsingar eru birtar og greint er frá niðurstöðum og samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttafni sem verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til verktaka. Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur og fjölmiðlar. Áskrift er endurgjaldslaus.

framhald af forsíðu

gerð, brúargerð og þau flokkun í vegagerð, yfirlagnir, brúargerð og jarðgangagerð. Mat á mannaflapörf var miðuð við vinnu á verkstað og afleidd störf ekki tekin með. Niðurstaðan var sú að brúargerð sé mannaflafrekust, jarðgangagerð og vegagerð koma þar á eftir og yfirlagnir krefjast minnsta mannaflans. Mat á tækjanotkun miðaðist einnig við verkstað. Niðurstaðan var að tækjanotkun er hvað mest í vegagerð, þá jarðganga-

gerð, brúargerð og síðast við yfirlagnir. Tekið er fram að mat á tækjanotkun var erfiðara en mat á mannaflapörf.

Vegrifflur

Vegrifflur í vegum eru til að vekja athygli ökumanna á að þeir séu í þann veginn að keyra útaf eða yfir á akrein með umferð úr gagnstæðri átt. Verkefnið fólst í að gera úttekt á upphleyptum vegmerkingum sem settar voru niður á Hringveg sumarið



Hringvegur (1) á Kjalarnesi. Vegrifflur í miðlínu og á köntum.

Héðinsfjarðargöng


Gröftur Héðinsfjarðarganga frá Héðinsfirði til Ólafsfjarðar gekk ágætlega í viku 4. Sprengdir voru 51 m og er heildarlengd ganga þeim megin frá er 1.866 m. Jafnframt var unnið við endanlegar bergstyrkingar í göngum milli Siglufjarðar og Héðinsfjarðar með sömu tækjum og mannskap.

Í göngum frá Ólafsfirði til Héðinsfjarðar liggur vinna niðri þar sem verktaki hefur fækkað starfsmönnum í gangagerð um helming.

Samtals er búið að sprengja 9.991 m eða 94,5% af heildarlengd og eftir eru 579 m.

Bolungarvíkurgöng

Vinna við gröft Bolungarvíkurganga gekk vel í viku 4. Frá Hnífsdal voru sprengdir 53 m og er heildarlengd þeim megin 829 m. Frá Bolungarvík voru sprengdir 60 m og er heildarlengd þeim megin frá 907 m. Samtals er því búið að sprengja 1.736 m eða um 33,6% af heildarlengd.



Staða framkvæmda við Héðinsfjarðargöng 26. jan. 2009. Sprengingum frá Siglufirði til Héðinsfjarðar lauk 21. mars 2008.

2006 og að fræsa vegriffur í tilraunaskyni meðfram vegum hér á landi til samræmis við það sem þekktist erlendis. Báðar tilraunir voru gerðar á malbikuðum vegum. Í niðurstöðum verkefnisins kemur fram að einungis er hægt að fræsa riffur í malbik. Þar sem malbikuðum öxlum er ekki til að dreifa víða hér á landi, kemur valkosturinn ekki til greina nema á fáum stöðum enn sem komið er. Slit á malbiki við riffur reyndist vart mælanlegt og vegriffur reyndust ágætlega þó snjór væri á vegfirborði. Mælt er með því að þessi lausn verði notuð áfram til að auka umferðaröryggi á vegum.

Útafakstur og veltur bifreiða – djúpgreining

Í rannsókninni er reynt að svara spurningu, hvort og þá hver eðlislægur mismunur væri á útafakstri bifreiða eftir alvarleika áverka. Í niðurstöðum kemur fram að bílbeltaleysi, ölvun, mikil aflögun inn í farþegarýmið og mikill hraði voru einkennandi þættir í banaslysum. Munur er ekki eins áberandi milli slysa með miklum eða litlum meiðslum. Talið er að skýra megi það að hluta með því að slysaflokkunin er mjög takmörkuð, meiðsli sem teyast alvarleg eru allt frá fingurbroti til þess að viðkomandi sé vart hugað líf.

Tilraunakafar á Vestfjörðum 2007 – áfangaskýrsla 5.


Árið 2003 voru lagðir út tilraunakafar með klæðingu úr völdum efnum af Vestfjörðum. Kafarnir voru lagðir í Tungudal og Önundarfirði. Markmið tilraunanna er að bera saman efni úr þeim berg- og malarnámum sem verið er að nota á Vestfjörðum, til að sjá hvaða efni á að leggja áherslu á að nota sem mest í framtíðinni. Skýrslan fjallar um árlega úttekt á tilraunaköflunum árið 2007 og talsverður munur er orðinn á tilraunaköflum, annars vegar eftir staðsetningu og hins vegar innbyrðis milli kafla.

Heimasíða Norræna vegasambandsins

Ísland leiðir nú starf Norræna vegasambandsins, NVF, og mun gera fram til ársins 2012 þegar ráðstefna sambandsins verður haldin hér á landi. Þetta er í fyrsta sinn í 74 ára sögu sambandsins sem Ísland stýrir starfinu.


Mestur hluti starfsins fer þó fram í 16 nefndum á vegum sambandsins sem halda málþing og fundi um sérstök efni á milli ráðstefnunnar stóru sem hvert fjögurra ára tímabil endar á. Þessar nefndir vinna mikið starf og stór hluti þess fer fram á heimasíðu NVF, (<http://www.nvnorden.org>). Ný síða var útbúin þegar Ísland tók við formennskunni. Vegagerðin vill hvetja til þess að menn skoði síðuna og það starf sem þar er sýnilegt. Á síðunni eru til að mynda daglega uppfærðar fréttir af því sem er að gerast á þessum markaði á Norðurlöndum. Einnig eru fréttir og tilkynningar um það sem er að gerast innan NVF og hvaða ráðstefnur eru á döfinni o.s.frv.

Til að fá senda tilkynningu í tölvupósti um nýjar fréttir frá NVF má gerast áskrifandi að NVFs Nyhetsbrev með því að smella á tengil efst á síðunni.



Loftmynd: Loftmyndir ehf.

Bolungarvíkurgöng 26. janúar. Lengd frá Bolungarvík 907 m, frá Hnífsdal 829 m. Samtals 1.736 m eða 33,6% af heildarlengd.



Búið er að sprengja 1.866 m í Héðinsfirði og 4.485 m í Ólafsfirði. Samtals 9.991 m sem er 94,5 % af heildarlengd.

Auglýsingar útboða

Vestfjarðavegur (60), Þverá – Þingmannaá 08-022

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í endurgerð um 15,9 km kafla á Vestfjarðavegi (60), frá Þverá í Kjálkafirði að slitlagsenda við Þingmannaá í Vatnsfirði.

Helstu magntölur eru:

Skering samtals	396.000 m ³
-þar af bergskering	136.000 m ³
Fylling	210.000 m ³
Fláafleygar	123.000 m ³
Rofvörn	19.000 m ³
Neðra burðarlag	63.000 m ³
Efra burðarlag	26.500 m ³
Tvöföld klæðing	121.000 m ²
Frágangur fláa	250.000 m ²
Lögn ræsa	1.400 m

Verkinu skal að fullu lokið 30. nóvember 2010.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Dagverðardal á Ísafirði og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 2. febrúar 2009. Verð útboðsgagna er 4.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl 14:00 þriðjudaginn 24. febrúar og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.



Vestfjarðavegur (60), Þverá – Þingmannaá

Hér er boðin út vegagerð á hluta Vestfjarðavegar (60) frá enda bundins slitlags í Vatnsfirði og yfir í Kjálkafjörð. Vegagerð þessi er liður í að bæta tengingu suðurhluta Vestfjarða við samgöngukerfi landsins. Vegurinn liggur að hluta í friðlandi Vatnsfjarðar sem er vinsæll áningarstaður ferðafólks.

Útboðskaflinn liggur úr Kjálkafirði, um Hjarðarnes og yfir í Vatnsfjörð og fer um land jarðanna Auðna, Auðshaugs, Fossár og um friðlandið í Vatnsfirði. Framkvæmdasvæðið nær frá stöð 22.300 sunnan við Þverá í Kjálkafirði neðan við Stórahryggil og að stöð 38.200, rétt sunnan við Þingmannaá í Vatnsfirði. Veglínin liggur mikið til á núverandi vegi en á köflum um mólendi, skriðukeilur og skriðufót Núps. Við Hörgsnes liggur hluti veglínunnar niður við sjó og þar er grunn vík þveruð.

Nýr vegur er vegtegund C1 og því 7,5 m breiður fullgerður. Klæðing verður lögð út í 7,3 m breidd en breiðari þar sem breikkanir eru vegna vegriða og krappa beygja.

Umferð á þessum vegi var 76 bílar á sólarhring að meðaltali yfir árið (ÁDU) og 143 að meðaltali yfir sumarið (SDU) árið 2006.



Vestfjarðavegur (60),
Þverá – Þingmannaá
sjá útboðsauglýsingu
Loftmynd: Loftmyndir ehf.

Verk í vinnslu

Samningsverk í vetrarþjónustu, ferjurekstri og almenningssamgöngum eru ekki á þessum lista.

Texti miðast við viku 4

Samið: Verklök:

08-041 Yfirborðsmerkingar, vegmálun 2008-2010 11.03.08 01.09.10
Vegmerking ehf.

Suðursvæði

Samið: Verklök:

07-084 Suðurstrandarvegur (427), Krýsuvíkurvegur - Þorlákshafnarvegur 19.09.08 15.09.11
KNH ehf.
Verktaki byrjaður á framkvæmdum við Þorlákshöfn og frá sýslumörkum til austurs. Búið að keyra út hluta fyllinga frá stöð 49.300 að 56.340 úr námu 16 og 18. Einnig byrjað á námuvinnslu í námu 9 og búið að jafna undirstöðu á ca. 1 km kafla milli stöðva 28.000 og 29.000.

08-057 Suðurstrandarvegur (427), Krýsuvíkurvegur - Þorlákshafnarvegur, eftirlit 09.09.08 15.09.11
Almenna verkfræðistofan hf.

08-074 Vallarvegur (262), Fljótshlíðarvegur - Kotvöllur 11.07.08 15.09.08
Heflun ehf.
Neðra burðarlag er grófjafnað. Framkvæmdir liggja niðri í vetur

08-078 Heiðarbraut (3357) og Gnúpverjavegur (325) 29.07.08 15.09.08
Mjöllinir vörubílstjórafélag
Lokið er neðra lagi klæðingar. Ekki er unnið við verkið í vetur

08-073 Grafningsvegur efri (360) um Úlfliótsvatn 12.08.08 20.09.08
Sigurjón Hjartarson
Lokið er neðra lagi klæðingar. Ekki er unnið við verkið í vetur

07-030 Skeiða- og Hrunamanna-vegur (30), Skipholt - Foss 07.11.07 15.06.09
Borgarvirki ehf.
Búið er að leggja klæðingu á 3,6 km af 5,3 km. Meira verður ekki gert í klæðingu í vetur.

07-090 Lyngdalsheiðarvegur (365), Þingvallavegur - Laugarvatnsvegur 04.07.08 15.10.10
Klæðning ehf.
Fyllingar að mestu komnar undir neðra burðarlag frá stöð 8.900 að skeringu við Markarhrygg. Unnið er við að keyra fyllingar í austurátt og komið að stöð 11.250. Búið að setja niður nokkur ræsi.

08-056 Lyngdalsheiðarvegur (365), eftirlit 23.06.08 15.10.10
VSÓ - ráðgjöf ehf.

08-063 Landeyjahöfn, hafnar- og vegagerð 14.08.08 01.07.10
Suðurverk hf.
Undirfyllingar komnar um 80% frá stöð 0 til 9.340. Verktaki að byrja á brúarsmíði.

08-066 Landeyjahöfn, hafnar- og vegagerð, eftirlit 02.09.08 01.09.10
Strendingur ehf.

08-029 Efnisvinnsla Suðursvæði 2008 13.06.08 31.12.08
Fossvélar ehf.

08-035 Festun og yfirlögn á Suður-svæði og Suðvestursvæði 2008-2009 12.06.08 01.09.09
Ræktunarsamband Flóa og Skeiða

Suðvestursvæði

Samið: Verklök:

08-080 Hlíðarendavegur í Ölfusi (380) 14.08.08 01.07.09
Háfell ehf.
Lokið er neðra lagi klæðingar. Ekki er unnið við verkið í vetur

08-064 Reykjanesbraut (41), gatnamót við Vífilsstaðaveg, eftirlit 23.06.08 10.07.09
Línuhönnun hf.

08-053 Reykjanesbraut (41), gatnamót við Vífilsstaðaveg 08.05.08 10.07.09
Ris ehf. Glaumur verktakafélag ehf.

07-038 Reykjanesbraut (41), gatnamót við Arnarnesveg, eftirlit 11.02.08 10.07.09
Almenna verkfræðistofan hf.

07-037 Reykjanesbraut (41), gatnamót við Arnarnesveg 25.01.08 10.07.09
Suðurverk hf.
Gatnamótin voru opnuð fyrir umferð 29. nóvember

08-058 Reykjanesbraut (41), breikkun, Strandarheiði - Njarðvík, endurútböð 02.05.08 01.06.09
Ístak hf.
Kaflinn var opnaður fyrir umferð 19. október

07-065 Hafnarfjarðarvegur (40), gatnamót við Nýbýlaveg, eftirlit 12.07.07 15.07.08
VSÓ ráðgjöf ehf.

08-059 Arnarnesvegur (411), Reykjanesbraut - Fífuhammsvegur, hönnun 04.07.08 22.12.08
Verkfræðistofan Hnit hf.

08-050 Grassláttur á Suðvestursvæði 2008-2010 26.05.08 01.09.10
Hrafn Magnússon

08-070 Hringvegur (1), Skarhólabraut - Hafravatsvegur, hönnun 02.07.08 21.11.08
VSÓ ráðgjöf ehf.

Norðvestursvæði

Samið: Verklök:

08-018 Snæfellsnesvegur (54) um Fróðárheiði, Egilsskarð - sæluhús 23.07.08 15.09.09
KNH ehf.

06-030 Útnesvegur (574), Háahraun - Saxhóll 26.01.06 15.07.09
Stafnafell ehf.
Eftir að yfirleggja klæðingu 5,6 km.

06-024 Djúpvegur (61), Reykjanes - Hörtná 25.01.07 01.11.08
KNH ehf. og Vestfirskir verktakar ehf.

06-028 Tröllatunguvegur (605), Vestfjarðavegur - Djúpvegur 20.04.07 01.09.09
Ingileifur Jónsson ehf.

07-006 Djúpvegur (61), Eyri - Svansvík 05.05.07 01.11.08
KNH ehf.
Verki nánast lokið. Smávægilegur frágangur og aukaverk eftir.

07-012 Skagavegur (745) um Króksbjarg 02.09.08 15.07.09
Fjörður ehf.
Framkvæmdir liggja niðri til vors 2009

07-087 Vestfjarðavegur (60), Hofstaðavegur - Þorskafjarðarvegur 30.11.07 01.07.09
KNH ehf.
Verklökum frestað fram á næsta sumar.

07-005 Hringvegur (1), Grafarkot - Hraunsnef 08.06.07 01.10.09
KNH ehf.

Norðvestursvæði, framhald	Samið:	Verklok:
06-017 Hringvegur (1) um Hrutafjarðarbotn <i>Skagfirskir verktakar</i> Verki að mestu lokið nema eftir að klæða seinna lag á báða enda og verður það lagt næsta vor.	12.12.07	01.11.08
08-025 Vatnsdalsvegur (722), Hof - Hjallaland <i>Sigurjón Hjartarson.</i>	13.10.08	01.08.09
08-072 Örnólfssdalsá hengibrú, stálmíði <i>Gísli Þorgeir Einarsson</i>	25.07.08	21.11.08
07-010 Leirársveitarvegur (504), Leirá - Svínadalsvegur <i>Borgarverk ehf.</i>	02.04.08	15.09.08
07-085 Óshlíðargöng, eftirlit <i>Línuhönnun hf., Geotek</i>	08.04.08	15.07.10
07-062 Óshlíðargöng <i>Íslenskir aðalverktakar, Marti Contractors</i>	08.04.08	15.07.10
07-086 Strandavegur (643), Geirmundarstaðavegur - Hálgata <i>Skagfirskir verktakar</i>	03.06.08	15.07.09
08-043 Festun og yfirlögn á Norðvestursvæði 2008-2009 <i>Borgarverk ehf.</i>	22.04.08	01.09.09
08-019 Vestfjarðavegur (60) um Tunguá <i>Jóhann Á. Guðlaugsson ehf.</i> Verk að klárast.	18.06.08	01.10.08
Norðaustursvæði	Samið:	Verklok:
08-069 Norðausturvegur (85), Fremri-Háls - Sævarland <i>Héraðsverk ehf.</i>	13.06.08	15.07.09
06-004 Norðausturvegur (85), Hófaskarðsleið <i>Héraðsverk ehf.</i>	16.07.07	01.11.09
08-007 Illugastaðavegur (833), slitlagsendi - Illugastaðir <i>Árni Helgason, Ólafsfirði.</i>	25.07.08	01.07.09
05-035 Héðinsfjarðargöng, eftirlit <i>Geotek ehf.</i>	28.04.86	10.12.09
05-035 Héðinsfjarðargöng <i>Háfell ehf. og Metrostav a.s.</i>	20.05.06	10.12.09
07-005 Hringvegur (1), Ámótasel - Skjöldólfssstaðir <i>Héraðsverk ehf.</i> Vinna liggur niðri fram á vor.	01.02.07	
07-088 Norðfjarðarvegur (92), um Hólmaháls <i>Suðurverk hf.</i>	05.02.08	01.10.09
07-019 Norðausturvegur (85), Brunahvammsháls - Bunguflói <i>Suðurverk hf.</i>	20.12.07	01.11.08
06-007 Dettifossvegur (862), Hringvegur - Dettifoss <i>Árni Helgason ehf.</i>	12.09.08	01.10.09
08-010 Hringvegur (1), Valtýskambur - Sandbrekka <i>Háfell ehf.</i>	20.08.08	15.10.09
08-004 Dagverðareyjarvegur (816) Hringvegur - Helluland <i>G. V. Gröfur ehf.</i>	26.05.08	01.08.08
08-002 Hörgárdalsvegur (815) Björg - Skriða <i>Árni Helgason ehf.</i>	09.06.08	01.09.08

Yfirlit yfir verkefni í mati á umhverfisáhrifum

Dagsetningar og annað í þessu yfirliti geta breyst fyrirvaralaust. Auglýsingar um mat á umhverfisáhrifum gefa endanlegar upplýsingar.

Matsskylduákvæðanir

Upplýsingar um ákvæðanir um matsskyldu framkvæmda eru á vef Skipulagsstofnunar www.skipulag.is - mat á umhverfisáhrifum - matsskylduákvæðanir

Tillaga að matsáætlun,

athugasemdafrestur til Skipulagsstofnunar var:

Axarvegur (939) og Hringvegur í Skriðdal og um Berufjarðarbotn í Djúpavogshreppi á Fljótssdalshéraði 19.12.2008

Matsáætlanir samþykktar

ákvörðun dags.

Jarðgöng á milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar, Ísafjarðarbæ 27.11.2008

Suðurlandsvegur, tvöföldun frá Hólmsá ofan Reykjavíkur að Hveragerði 31.07.2008

Sundabraut, 1. áfangi. Sundagöng og Eyjalausn 23.05.2008

Mislæg vegamót Hringvegur við Leirvogstungu/Tungumela, Mosfellsbær 15.05.2008

Hallsvegur-Úlfarsfellsvegur ásamt gatnamótum við Vesturlandsveg 14.03.2008

Matsáætlanir eru á vef Vegagerðarinnar: Vegagerdin.is – Umhverfismat og kynningargögn – Matsáætlanir

Frummatsskýrslur

Frestur til athugasemda til Skipulagsstofnunar er:

Hallsvegur – Úlfarsfellsvegur ásamt gatnamótum við Vesturlandsveg 04.03.2009

Frummatsskýrslur eru á vef Vegagerðarinnar: Vegagerdin.is – Umhverfismat og kynningargögn – Frummatsskýrslur

Matsskýrslur

Norðfjarðarvegur um Norðfjarðargöng, milli Eskifjarðar og Norðfjarðar

Nýleg álit Skipulagsstofnunar um matsskýrslur

dags.

Mislæg vegamót Hringvegur við Leirvogstungu/Tungumela. Mosfellsbær 13.11.2008

Breikkun Reykjanesbrautar um Hafnarfjörð, frá Ásbraut að Krisuvíkurvegi, Hafnarfirði 14.08.2008

Bakkafjörúhöfn, Bakkafjörúvegur (254) og grjótnám á Seljalandsheiði, Rangárpíngi eystra 26.06.2008

Frekari útboð

Eins og fram kom í síðasta tölublaði Framkvæmdafréttu er stefnt að því að bjóða út ýmis verk á næstu vikum og mánuðum. Verkin eru misstór og dreifð um allt land, en reiknað er með að áhersla verði á Suðvesturland. Tímasetning einstakra útboða ræðst einkum af því hvenær hönnun og öðrum undirbúningi lýkur. Listi með verkefnum framundan verður til janfnóðum og þessar tímasetningar skýrast.

Hreinn Haraldsson vegamálastjóri

Yfirlit yfir útboðsverk

Þessi listi er stöðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvaraust. Það eru auglýsingar útboða sem gefa endanlegar upplýsingar. Fremst í lista er númer útboðs í númerakerfi framkvæmdadeilda. Rautt númer = nýtt á lista

Fyrirhuguð útboð	Auglýst: dagur, mánuður, ár
------------------	--------------------------------

Listi með fleiri verkum verður væntanlega birtur fljótlega

Auglýst útboð	Auglýst:	Opnað:
---------------	----------	--------

08-012 Norðausturvegur (85), Bunguflói - Vopnafjörður	02.02.09	24.03.09
---	----------	----------

08-022 Vestfjarðavegur (60), Kjálkafjörður - Vatnsfjörður	02.02.09	24.02.09
---	----------	----------

08-034 Rangárvallavegur (264), Hringvegur - Akurbrekka	26.01.09	10.02.09
--	----------	----------

Útboð á samningaborði	Auglýst:	Opnað:
-----------------------	----------	--------

08-077 Reykjanesbraut (41), Kaldárselsvegur - Krýsuvíkurvegur, hönnun	28.07.08	02.09.08
---	----------	----------

Samningum lokið	Opnað:	Samið:
-----------------	--------	--------

08-084 Borgarfjarðarvegur (94), Lagarfossvegur - Sandur Ylur ehf.	07.10.08	22.01.09
---	----------	----------

Nýr pækildreifari

GT Verktakar tóku í notkun Epoke SL pækildreifara um áramótin. Dreifarinn er með 13.000 lítra pækiltank. Dreifing á pæklinum fer um greiðu sem er með 11 spíssum. Dreifibreiddin er 3 – 11 metrar með meters millibili og sérstakur deilir gerir mögulegt að jafna dreifingu til hvorrar hliðar. Dreifarinn er knúinn af innbygðum díselmótor. Allar aðgerðir fyrir dreifara eru framkvæmdar frá stjórnborði í öikumannshúsi og á það einnig við um ræsingu á mótor. Epoke SL dreifarinn er eins og margir dreifarar í þjónustu Vegagerðarinnar útbúinn með GPS staðsetningar og aðgerðarskráningarbúnaði sem sendir gögn frá sér í stjórnstöð Vegagerðarinnar, þar sem hægt er að sjá staðsetningu, dreifibreidd og magn sem dreift er ásamt öðrum upplýsingum. Pækildreifarar sem þessir eru orðnir töluvert vinsælir á hraðbrautm í Skandinavíu þar sem komið hefur í ljós að þeir ná að dreifa pækli við allt að 80 – 90 km

Auglýsingar útboða

Norðausturvegur (85), Bunguflói – Vopnafjörður 08-012

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í gerð Norðausturvegar, frá Bunguflóa að Vopnafirði og hluta Hofsdalsvegur. Norðausturvegur verður um 30,4 km langur og liggur frá Bunguflóa, um Vesturárdal að þéttbýlinu á Vopnafirði. Hofsdalsvegur (920), liggur frá nýja Norðausturveginum í Vesturárdal yfir að Árhvammi í Hofsdal, og verður hann 6,8 km langur. Endurbæta þarf 0,85 km af Skógavegi (914) frá Vesturárdalsvegi vestur fyrir tengingu við Torfastaðaveg. Nýjar tengingar verða um 1,6 km að lengd.

Helstu magntölur eru:

Bergskering	15.400 m ³
Önnur skering	398.800 m ³
Fylling + sig	678.800 m ³
Fláafleygar	178.000 m ³
Ræsalögn	3.844 m
Endafrágangur ræsa	246 stk.
Neðra burðarlag	169.700 m ³
Efra burðarlag	62.000 m ³
Einföld klæðing	556.000 m ²

Lagningu slitlags á Norðausturveg skal lokið fyrir 15. ágúst 2011. Verkinu skal að fullu lokið fyrir 15. nóvember 2012.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Miðhúsavegi 1 á Akureyri, Búðareyri 11-13 á Reyðarfirði og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með 5. febrúar 2009. Verð útboðsgagna er 8.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 24. mars 2009 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 sama dag.

Verkið er einnig auglýst á Evrópska efnahagssvæðinu.

hraða með góðum árangri. Með þessum búnaði er hægt að ná fram nokkrum sparnaði í saltnotkun þar sem dreift er 22% pækli í stað salts. Dreifarinn er mest notaður á Reykjanesbraut milli Keflavíkurflugvallar og Reykjavíkur.

Arnar E. Ragnarsson

